



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



Ísland

1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Félagsliði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Social and healthcare assistant

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- aðstoðar skjólstæðinga/þjónustupega við athafnir daglegs lífs og að sinna grunnþörfum
- hvetur til félagslegrar virkni, styður til sjálfshjálpar og býr yfir færni og kunnáttu til að efla frumkvæði og sjálfstæði
- býr yfir samskiptafærni til að geta átt samskipti við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir, tekst á við erfið samskipti og/eða hegðunarfrávik
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og forgangsraða verkefnum á faglegan hátt
- hefur þekkingu á ólíkum og mismunandi aðstæðum hinna ýmsu hópa í samfélaginu til að geta metið og komið til móts við ólíkar þarfir skjólstæðinga/þjónustupega
- getur gert einstaklingsáætlanir og hefur frumkvæði að þjálfun og vinnu með einstaklingum sem þurfa á aðstoð að halda
- þekkir lög og reglugerðir um réttindi skjólstæðinga/þjónustupega, getur veitt upplýsingar um þjónustu og/eða úrræði
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisþroska og gætir þagmælsku í störfum.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Félagsliðar vinna á félags-, heilbrigðis- og menntasviði við að aðstoða einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri aðstoð að halda við athafnir daglegs lífs og styðja þá til sjálfshjálpar. Þeir aðstoða og leiðbeina einstaklingum við að sinna líkamlegum og félagslegum þörfum, efla og styðja við félagslega virkni og kunna að bregðast við félagslegri vanvirkni. Markhópurinn er einstaklingar með fötlun, geðsjúkir, aldraðir, langveikir og aðrir sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa stuðnings við til lengri eða skemmri tíma. Þeir sinna réttindum og þekkja úrræði sem til eru. Félagsliðar vinna náið með öðrum fagstéttum og eiga samskipti við aðstandendur og aðra sem að málum koma. Þeir sitja fundi með öðrum fagfólki og sérfræðingum þar sem ákvarðanir eru teknar um meðferðarform, skipulag og áætlanir.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er um tvö og hálf ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, að próftíma meðöldum. Vinnustaðanámi er samtals 12 vikur.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
